

Tillögur og framvinduskýrsla *Samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, 3. júlí 2018*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beindi því til samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga að setja í forgang tillögur til að bregðast við erfiðleikum í sauðfjárrækt.

Hópurinn er sammála um að offramleiðsla sé á kindakjöti miðað við núverandi aðstæður. Framleiðsla ársins 2017 nam 10,7 þús. tonnum. Talið er jafnvægi náist milli framboðs og innlendar eftirspurnar á bilinu 8-8,5 þús. tonn.

Samráðshópurinn leggur fram eftirfarandi hugmyndir til að bregðast við erfiðleikum sauðfjárbænda.

Bráðaaðgerðir:

Aðgerðir sem stuðla að jafnvægi milli framleiðslu og sölu haustið 2019

- Fækkunarhvatar sem felast í útleið fyrir bændur 67 ára og eldri.
 - *Fyrirkomulagið stendur bændum til boða til haustsins 2019 og samningar um þetta gilda til og með árinu 2023.*
- Frysting gæðastýringagreiðslna til að draga úr framleiðslu.
 - *Fyrirkomulagið verður endurskoðað með hliðsjón af markmiðum um framleiðslujafnvægi og verður viðmiðunartímabil undangengin 3 - 5 ár til að draga úr framleiðsluhvata. Ræða þarf stöðu nýliða.*
- Lækkun ásetningshlutfalls úr 0,7 í 0,5.
 - *Samhliða verði viðskipti með ærgildi stöðvuð en ákvæði sauðfjársamnings um innlausn ærgilda verða enn í gildi.*
- Bændum bjóðist þátttaka í þróunarverkefni sem felist í heildstæðri ráðgjöf til þeirra við skipulag búreksturs og landnotkun. Markmið þróunarverkefna verði að greina tækifæri, t.d. til að kolefnisjafna viðkomandi bú með því að draga úr losun og auka kolefnisbindingu, vinna að sjálfbærri landnýtingu og/eða náttúruvernd.
 - *Gert er ráð fyrir að þróunarverkefnið verði byggt á grunni verkefnisins Betra bú, samstarfsverkefni Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins og fimm búa um áætlun í loftslagsmálum og væntanlegum tillögum (1. nóvember 2018) um samstarf á sviði kolefnisbindingar með sauðfjárbændum. Meginmarkmiðið er að draga úr losun og auka kolefnisbindingu í sauðfjárrækt.*
- Að stofnaður verði stöðugleikasjóður (sveiflujöfnunarsjóður) sem stjórnæki til að til að jafna út sveiflur á mörkuðum.
 - *Sjóðurinn verði undir stjórn bænda og hafi það hlutverk að mæta tímabundnum áföllum í rekstrarumhverfi sauðfjárbænda. Sjóðurinn verður fjármagnaður af greininni sjálfri en Ríkissjóður leggi til stofnframlag, sem rennur til baka til*

ríkisins, þegar og ef sjóðurinn verði lagður niður. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn taki alfarið við því hlutverki að bregðast við tímabundnum áföllum til lengri tíma.

Aðgerðir sem stuðla að hagræðingu og stöðugleika í greininni

Samráðshópurinn fékk kynningu á úttekt KPMG á afurðastöðvum í sauðfjárslátrun og tekur undir tillögur sem koma fram í skýrslu þeirra. Skoða þarf til hvaða bráðaaðgerða sé hægt að grípa, til hagræðingar í afurðastöðvakerfinu, með hagsmuni bænda og neytenda að leiðarljósi. Æskilegt er að breytingar á rekstrarumhverfi afurðastöðva verði liður í stefnumótun til lengri tíma. Verði meðal annars horft til eftirfarandi þátta:

- Að fyrirtækin geti unnið saman að verkefnum eins og flutningi á sláturgripum, vinnslu, sölu og markaðssetningu hliðarafurða, vörudreifingu, þróunarverkefnum og öðru sem hefur skilgreindan ávinning í för með sér.
- Að kannað verði hvort æskilegt sé að fjármunir verði tryggðir til úreldingar sláturhúsa. Fjármagnið yrði nýtt í einsskiptisaðgerð sem ætluð er til að ganga frá uppgjörum við bændur og tryggja þannig að þeir beri ekki skertan hlut frá borði.
- Að kannaðar verði allar leiðir til að auka sveigjanleika í matvælalöggjöf til að treysta rekstrargrundvöll smærri þjónustu- og handverkssláturhúsa og kjötvinnslna með hliðsjón af því hvernig gætt er að litlum mjólkurvinnslum í búvörulögum í dag.
- Skoða kosti þess og galla að lengja sláturtímabilið með þeim möguleika að selja ferskt kjöt í lengri tíma en nú er gert bæði hér innanlands og erlendis við réttar markaðsaðstæður.
- Kanna hvort skipulögð sérhæfing t.d. í vinnslu kindakjöts, gæti skilað ávinningi umfram samkeppni þegar fáir leikendur eru eftir fækkun afurðastöðva til að hún skili tilætluðum árangri.
- Kanna kosti og galla þess að heimila samstarf með flutning og dreifingu líkt og t.a.m. orku- og mjólkurgeirinn hefur gert. Sjá frekari umfjöllun í framvinduskýrslu.

Framvinduskýrsla

Samráðshópurinn hefur rætt hugmyndir að breytingum til framtíðar og leggur þær hér fram samhliða tillögum um bráðaaðgerðir. Hugmyndir eru þó til frekari umræðu og vinnslu enda hefur hvorki gefist tími né ráðrúm til að fullmóta þær. Rýna þyrfti hvaða áhrif slíkar breytingar hefðu.

Kjarni þeirra hugmynda sem samráðshópurinn hefur rætt á fundum sínum og mótað að hluta, byggir á því að stuðningskerfið í sauðfjárrækt verði opnað mun meira en áður. Bændur fái frelsi til að nýta stuðninginn til fjölbreyttari starfsemi en áður í samræmi við þeirra frumkvæði, hugmyndir og þá möguleika sem fyrir hendi eru á hverri bújörð. Stuðningurinn verði ekki fastbundinn við ákveðið kerfi sem skilyrðir hann við ákveðna framleiðslu, heldur er áherslan á að auka verðmætasköpun bújarða og ýta um leið undir styrkingu byggðar, nýsköpun, sjálfbæra landnýtingu, gæði og aukna fagmennsku. Breytingarnar munu eftir sem áður byggja á vilja og áhuga bænda sjálfrá enda geri þeir aðlögunarsamninga við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um þær.

Búsetugrunnur/gæðastýring (aðlögunarsamningar)

Samráðshópurinn hefur haft til umræðu að ærgilda- og gæðastýringar „kerfi“ í sauðfjárrækt verði endurskoðað. Ærgildakerfið á grunn sinn allt til fyrstu ára búvörusamninga. Það hefur tekið ýmsum breytingum og þróast á tímabilinu. Ærgildin og beingreiðslurnar sem þeim fylgja hafa verið framseljanleg og þannig skapað tækifæri til sérhæfingar og hagræðingar, en viðskiptunum hefur um leið fylgt umtalsverður fjármagnskostnaður. Ærgildin hafa einnig verið grunnur að takmarkaðri framleiðslustýringu seinni árin í krafti reglna um ásetningshlutfall.

Komi til þess að horfið verði frá gæðastýringar „kerfi“ er lögð áhersla á að sauðfjárframleiðsla, líkt og önnur matvælaframleiðsla, byggji á sjálfbærri landnýtingu og fari fram á landi í góðu ásigkomulagi m.t.t. gróðurs og jarðvegs.

Samráðshópurinn leggur áherslu á að horfa til þeirra fjármuna sem hvert bú/framleiðandi hefur fengið á undanförunum tveimur til þremur árum á grundvelli þessara tveggja stuðningskerfa. Á þeim grunni myndist nýr réttur – *búsetugrunnur*. Leggur samráðshópurinn áherslu á að þessi breyting verði rædd og reynt að ná um hana samkomulagi við endurskoðun sauðfjársamnings. Útfærsla og þróun getur átt sér stað allt til ársins 2023.

Ástæður breytinga eru brýnar:

1. Mismunandi hagsmunir hafa myndast innan stéttar sauðfjárnænda. Hagsmunir þeirra sem hafa aukið við ríkisstuðning sinn með kaupum á ærgildum eru ólíkir þeim sem ekki hafa getað það eða valið að gera það ekki.
2. Óbreytt gæðastýringarkerfi talið vera framleiðsluhvetjandi til lengri tíma. Stuðningur við gæðastýringu er greiddur á hvert framleitt kíló. Þrátt fyrir að heildarfjárhæð sé afmörkuð þá er hætt við að framleiðendur freistist til að auka framleiðslu til að ná stærri hluta af pottinum í trausti þess að aðrir geri það ekki samhliða.

Þrátt fyrir svo róttækar breytingar er ástæða til að hluti stuðnings ríkisins fylgi annað hvort gripum eða framleiðslu, eftir áherslum og markmiðum á hverjum tíma.

Fjármunir, sem veittir hafa verið til gæðastýringar og ærgilda verði framvegis nýttir með öðrum hætti. Tilgangurinn er að skapa frelsi til athafna og styrkja byggðafestu.

Til verður nýr grunnur sem bændur byggja á búsetu jarða sinna, svokallaður *Búsetugrunnur*. Búsetugrunnur sauðfjársamnings verði megin stoðkerfi sauðfjárþúskaþar. Hann skapar greininni rekstrarlegar forsendur og lækkar verð framleiðslunnar til neytenda þar sem bændur geta selt framleiðslu sína á lægra verði vegna stuðningsins. Búsetugrunnur styður við markmið sauðfjársamnings um atvinnugreinina sauðfjarrækt.

Samráðshópurinn telur mikilvægt að ná fram uppstokkun og einföldun á stuðningi ríkisins og skapa meiri samstöðu meðal sauðfjárþúskaþa. Vinna þarf gegn því að greinin skiptist í ólíka hagsmunahópa eftir því hvernig stuðningi stjórnvalda er háttað. Byggja þarf undir faglega og sterka sauðfjarrækt sem búgrein, hvort sem er á sérhæfðum búum eða blönduðum.

Samráðshópurinn telur að vegna núverandi afkomu sauðfjárþúskaþa megi tímabundið beita hinu nýja formi stuðnings til að ná fram áherslum um minni framleiðslu, meiri gæði og til að hækka verð til sauðfjárþúskaþa. Um leið væri verið að auka framleiðni bújarða og efla og styrkja byggð í sveitum. Verið er að gefa bændum sem vilja draga úr eða hætta sauðfjárþúskaþa ný tækifæri.

Bændur sem t.d. stunda sauðfjarrækt geti farið yfir í aðra ræktun, framleiðslu eða þjónustu að hluta eða í heild. Það geti orðið grunnur að möguleikum þúskaþa til nýsköpunar. Búsetugrunnur styður við byggð, búsetu, nýtingu bújarða og samfélög sveitanna í heild. Meginatriðið er að áfram verði virðisaukandi starfsemi á jörðinni. Önnur markmið breytinganna eru að stuðla að meiri gæðum, verðmætaukningu, náttúru- og umhverfisvernd.

Þá er mögulegt að beita hinu nýja formi til að opna möguleika eldri þúskaþa til að bregða búi. Um þann þátt verði samið sérstaklega í næstu endurskoðun sauðfjársamnings.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur er fjallað um aðlögunarsamninga. Samráðshópurinn telur að með uppstokkun á stuðningsleiðum sauðfjársamnings megi þróa skilvirka aðferðarfræði til að hleypa af stað þróun og nýsköpun í stuðningsformi samninga í landbúnaði sem og annarra byggðaaðgerða. Þó að í þessu tilfelli sé um sauðfjársamning að ræða, má með sama hætti horfa til útfærslu á samningi um nautgriparrækt með sambærilegum hætti.

Samráðshópurinn hefur haft svæðisbundinn stuðning til umræðu. Á fund hans komu m.a. fulltrúar Byggðastofnunar. Ekki hefur gefist nægjanlegur tími til ítarlegrar umræðu innan hópsins um þær forsendur sem núverandi svæðisbundinn stuðningur í sauðfjarrækt byggir á og ljóst að skiptar skoðanir eru innan hópsins um framtíðarfyrirkomulag stuðningsins. Samtök þúskaþa lýsa sig andsnúin slíkri mismunun á milli svæða, sem felst í svæðisbundnum stuðningi. Við þeirri gagnrýni mætti bregðast við því að þeir fjármunir sem í það færu, væru hluti af öðrum byggðalegum aðgerðum stjórnvalda. Samráðshópurinn telur nauðsynlegt að ræða þennan þátt ítarlega.

Samráðshópurinn vill því benda á að vel má einfalda þá aðferð og með því að hafa álag á einstaka gæðaflokka mismunandi eftir svæðum. Þá fyrirmynd má t.d. finna í áherslum norska landbúnaðarsamningsins.

Samráðshópurinn hefur rætt um að gæðavottun verði áfram meginmarkmið. Fella þarf íslenska búskaparhætti og sérstöðu að viðurkenndum gæðavottunarkerfum. Aðlaga þarf viðurkennd gæðakerfi að íslenskum raunveruleika. Greinin sjálf þarf að leiða þá vinnu en samráðshópurinn telur að það verkefni hafa mikla þýðingu fyrir framþróun innan hennar.

Samráðshópurinn telur ekki útilokað að eftir að jafnvægi hefur skapast á milli framleiðslu og eftirspurnar á afurðum sauðfjárbænda, megi huga að framsali eða viðskiptum/innlausn með hið nýja stuðningsform. Mikilvægt er að við framkvæmd samninga verði ekki komið í veg fyrir eðlilega þróun.

Kanna ætti hvort æskilegt sé að bændur sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi ástand lands geti sótt um að fækka fé og vinna að landgræðslu eða skógrækt og bættri beitarstýringu á sínu landi. Þetta má útfæra á stuttum tíma sé ljáð máls á nálguninni.

Samráðshópurinn telur að við endurskoðun sauðfjársamnings, til ársins 2023, megi takast að þróa þessar breytingar og ná samstöðu meðal samningsaðila um útfærslu og áherslur slíkra breytinga.

Samantekið:

Samráðshópurinn leggur áherslu á að horfa til þeirra fjármuna sem hvert bú/framleiðandi hefur fengið á undanförunum tveimur til þremur árum á grundvelli stuðningskerfa ærgilda- og gæðastýringar. Á þeim grunni myndist nýr réttur – búsetugrunnur.

Sauðfjárbændur sem ekki hyggjast nota tækifæri til breytinga falla sjálfkrafa undir almenn skilyrði sauðfjársamnings án sérstakrar samningagerðar.

Við endurskoðun sauðfjársamnings verði útfært með hvaða hætti þessi formbreyting verður og hvaða áherslu um greiðsluflæði geta stutt við markmið þau sem fjallað hefur verið um.

Þeir bændur sem vilja breyta geri sértæka aðlögunarsamninga við ríkið á grunni búvörusamninga. Aðlögunarsamningar verði grunnur að búháttabreytingum, nýsköpun og aukins frelsis bænda til fjölbreyttari starfsemi.

Bændur geti gert þrennskonar aðlögunarsamninga.

- 1. Búa áfram en fá aukið sviðgrúm til nýsköpunar og fjölþættari reksturs, sbr. 2. tölulið.*
- 2. Draga úr, hætta eða endurskipuleggja sauðfjárþúskap og snúa sér að nýjum greinum svo sem heimavinnslu, umhverfisvernd, eldi og framleiðslu búfjár, garðyrkju eða jarðrækt, varðveislu náttúruvættis eða öðrum möguleikum sem þeir geta byggt upp á jörðinni í krafti sinna hugmynda og frumkvæðis.*
- 3. Samþættingu aðlögunarsamninga við verkefni í skógrækt, náttúruvernd, landgræðslu og/eða verkefni á sviði loftslagsmála.*

Eldri bændur sem hætta halda stuðningi til 2023. Eftir það byggist stuðningurinn á almennum skilyrðum eða að gerður verði aðlögunarsamningur.

Endanleg útfærsla á tillagnanna fari fram við endurskoðun sauðfjársmnings.

Loftslagsmál, umhverfisvernd og beitarmál

Grunnur að umræðu um loftslagsmál og landbúnað er að þekkja sem best bú sitt og jörð. Bændur þurfa aðgang heildstæðri að ráðgjöf og rannsóknum á þessu sviði.

Fjöldmörg og margþætt verkefni á þessu sviði eru í gangi. Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins er að fylgja eftir búum um land allt til að meta raunverulega losun, benda á leiðir til að draga úr henni sem munu nýtast við mótun ráðgjafarþjónustu til bænda. Nú hafa landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra gert samning við Landgræðslu ríkisins, Skógræktina og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um útfærslu verkefna á þessu sviði. Því er ætlað til að koma til móts við tillögur sauðfjárþænda um kolefnisjöfnun greinarinnar í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Samantekið:

Samráðshópurinn leggur til að fjármunir sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjármálaáætlun til loftslagsmála og fjármunir sem voru hluti af neyðaraðgerð ríkisstjórnarinnar vegna stöðu sauðfjárþænda verði nýttir til rannsókna og ráðgjafar.

Sem fyrstu aðgerð til að hefja vegferð og bæta kjör sauðfjárþænda leggur Samráðshópurinn til að hafin verið sem fyrst námskeið og fræðsla til auka þekkingu bænda um loftslagsmál og umhverfisvernd. Fjárfesting í þekkingu bænda, á vegum hins opinbera styður þau markmið er koma fram í ríkisstjórnarsáttmála.

Lífræn framleiðsla

Aukin þörf er á ráðgjöf til bænda um lífræna framleiðslu.

Samantekið:

Samráðshópurinn gerir ekki með beinum hætti tillögur um markmiðssetningu lífrænnar framleiðslu, en fyrir liggur að almennt er vaxandi eftirspurn eftir lífrænni framleiðslu hérlendis sem og á mörkuðum erlendis.

Nú er unnið að því að koma á samræmdum kröfum til framleiðslu á lífrænum landbúnaði, á milli Íslands og annarra landa. Reglusetning er með sama hætti á EES svæðinu en hér hefur vottun verið framkvæmd á annan hátt.

Afurðastöðvar í sauðfjárslátrun

Fækka þarf sláturhúsum frá því sem nú er, en í dag eru þau tíu talsins, átta hefðbundin, eitt handverkssláturhús og eitt þjónustusláturhús. Í skýrslu KPMG „Úttekt á afurðarstöðvum“ kemur eftirfarandi fram:

„Flestir í greininni telja að sláturhúsum þyrfti að fækka til að mæta mögulega minni framleiðslu, lakari afkomu, tryggja betri nýtingu aðfanga og gera sláturleyfishöfum kleift að innleiða skilvirkari framleiðslulínur í framtíðinni.“

Afurðaverð til bænda er með því lágsta sem þekkist í Evrópu. Með aukinni hagræðingu í slátrun og vinnslu ætti að nást ávinningur sem bæði skilar sér til bænda og neytenda, enda er eðlilegt að báðir njóti hans.

Hópurinn hefur fengið þær skýringar að samkeppnisyfirvöld standi í vegi fyrir samruna sláturhúsa en hefur ekki fengið staðfest að svo sé. Skapa þarf skilyrði fyrir afurðastöðvar til samstarfs og verkaskiptingar vegna þátta framarlega í virðiskeðjunni. Þá er átt við þætti eins og söfnun sláturfjár, slátrunina sjálfa, grófvinnslu afurða, geymslu þeirra og annað sambærilegt. Gert er ráð fyrir að heimildin takmarkist við fremsta hluta virðiskeðjunnar. Skilja þarf á milli þess hluta og annarra þar sem afurðir eru seldar áfram til frekari vinnslu og sölu. Þar þarf og á áfram að vera samkeppni. Mikil hagræðing getur falist í því að fækka sláturhúsum en að því gefnu að samkeppni sé til staðar.

Nauðsynlegt er að slíkum aðgerðum verði fylgt eftir með markvissum hætti, þannig að afurðaverð til bænda hækki verulega á næstu árum. Setja þarf mælanleg markmið með þessum aðgerðum.

Samantekið:

Samráðshópurinn hefur rætt um að verja þurfi fjármunum til úreldingar og tækniþróunar í slátrun og vinnslu.

Virkja þarf aðgerðir til lengingar sláturtíma, m.a. í formi framvirkra framleiðslusamninga.

Grundvallar atriði um þróun afkomu og framtíð sauðfjárbænda er að efla fagmennsku við slátrun og vinnslu á kjöti.

Horfa verður sérstaklega til að efla þróun og rannsóknir um meira verðmæti afurða með bættri nýtingu og vöruþróun. Styrkja þarf menntun fagmanna í greininni og erlenda þekkingaröflun á sviði rekstrar og fagmennsku í úrvinnslu á kjöti.

Lagt er til að stjórnvöld skoði möguleika á því að útfæra reglur um heimildir til samstarfs og verkaskiptingar afurðastöðva. Tryggja verður að heimildin sé skýrt afmörkuð og að ávinningur skili sér bæði til neytenda og bænda.

Aukin verðmæti

Samráðshópurinn bendir á að með auknum fjármunum til nýsköpunar vísinda og tækniþróunarsjóða hafi verkefnasjóðir á borð við Framleiðnisjóð landbúnaðarins ekki verið eflidir. Bæði þarf að efla matvælaíðnað til að sækja í vísinda og tæknisjóði og að endurskoða fyrirkomulag. Aukið virði afurða bænda er grunnur að betri afkomu greinarinnar.

Samráðshópurinn leggur áherslu á að þær aðgerðir sem ráðist verði í á starfsumhverfi afurðastöðva undirbyggi markmið um faglegt starf og tækniþróun. Ennfremur að aðgerðir leiði til hækkunar á afurðaverði til bænda.

Samantekið:

Líkt og með aðgerðum til hagræðingar í slátrun og vinnslu er mikilvægt að setja markmið um hækkun á afurðaverði til bænda. Því verði fyrst og fremst náð með nýsköpun, auknu verðmæti afurða sem og hagræðingu og „faglega byltingu“ í vinnslu og slátrun. Það verði ennfremur gert með breytingu á starfsumhverfi afurðastöðva og endurskipulagningu á möguleikum þeirra til nýsköpunar, tækniþróunar og aukinnar fagmennsku.

Innanlandsmarkaður og útflutningur sauðfjárafurða

Nauðsynlegt er að útfæra verkfæri sem gerir kleift að ná betri stöðugleika á markaði með sauðfjárafurðir. Skilgreind verði vog sem mælir stærð innanlandsmarkaðar og sölupróun og viðheldur virkri samkeppni. Þetta yrði ákvörðun sem tekin yrði árlega á grundvelli skilgreindra viðmiða. Grunnurinn er stærð innanlandsmarkaðar og ákveðið svigrúm umfram það, þar sem ekki er jöfn eftirspurn eftir öllum afurðum. Sem dæmi þá hefur innanlandssala sl. fimm ár verið um 6.700 tonn að meðaltali og 20% umfram það væru 8.000 tonn.

Með þeirri aðferð yrði skilgreint hvaða framleiðsla nýtur stuðnings með beinni hætti en áður og áherslan skýrt afmörkuð við innanlandsmarkað. Samráðshópurinn beinir því til samningsaðila að útfærsla verði með þeim hætti.

Sveiflujöfnunarsjóður, framleiðendur fái heimild til innheimtu gjalda á framleiðslu, og eða beitingu fjármuna sauðfjársamnings, til að stuðla að jöfnun á framboði.

Samantekið:

Framleiðsla umfram skilgreinda vog verði á ábyrgð bænda og afurðastöðva. Þó verði heimilað samstarf um að sækja fram á erlendum mörkuðum með það magn sem alltaf verður að framleiða umfram þarfir innanlandsmarkaðar á hverjum tíma og verði sú sala hluti af heimildum til verkaskiptingar sbr. kafla um afurðastöðvar. Enda mæli vogin það magn sem flytja þarf á erlenda markaði, svo sú afmörkun mun liggja fyrir.

Framleiðendum verði heimilt að koma á fót sveiflujöfnunarsjóði með eigin fjármunum eða með forgangsröðun í sauðfjársamningi. Samráðshópurinn tekur ekki afstöðu til hvorrar leiðarinnar verði horft, en bendir á að ekki verði valin leið sem hægt verði að túlka sem opinberan stuðning við útflutning.

Vernd erfðaauðlinda

Íslenska sauðkindin er stærsti stofn stuttrófufjár í heiminum. Samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum, um líffræðilegan fjölbreytileika, höfum við skyldur til að vernda hann. Það gerum við best með ræktun hans og nýtingu. Að sama skapi höfum við skyldur til að vernda forystufjárstofninn sem er hvergi til nema hér á Íslandi.

Samantekið:

Vegna alþjóðlegrar stöðu íslensku sauðkindarinnar og forystufjárstofnsins er mikilvægt að þjóðin eigi sem bestan aðgang að bókhaldi um ræktun hans og verðmætum upplýsingum um eiginleika og möguleika. Því verður bændum sem slíkt skýrsluhald vilja annast, gert það mögulegt með því að hluti af stuðningi þjóðarinnar renni til þess verkefnis.